

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4.1.2023
Málsnúmer: 202212-0001
SS/IAS

Efni: Umsögn um matsáætlun vegna efnistöku í Höfðafjöru.

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 30. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um matsáætlun vegna efnistöku í Höfðafjöru, í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmd og áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni sé að mestu vel gert grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og líklegustu umhverfisáhrifum.

Vinna á sand til útflutnings úr fjöruborðinu syðst á Kötlutanga suðvestan við Hjörleifshöfða. Áætlað er að vinna 35 000 m³ á ári í 15 ár, samtals 525 000 m³. Sótt er um leyfi fyrir 850 000 m³ efnistöku ef til kæmi viðbótareftirspurn. Stærð efnistökusvæðis er 30 ha en einungis verður unnið á litlum hluta í einu, allt eftir því hvar kornastærð er hentugust hverju sinni.

Efnið verður flutt að vinnslusvæði við Uxafótarlæk þar sem sandurinn verður skolaður og sigtaður. Byggður verður upp vegslóði við Miðkvísl vestan við vegin að Hjörleifshöfða frá efnistökusvæðinu upp á þjóðveg en vegur er nú þegar frá þjóðvegi að vinnslusvæðinu við Uxafótarlæk.

Eftir vinnslu við Uxafótarlæk verður ekið með sandinn á geymslusvæði í gamalli námu í landi Hrauns en þar verður efnið geymt þar til því verður skipað út í Þorlákshöfn.

Reiknað er með sex ferðum á dag með efni þá daga sem efni verður flutt frá Uxafótarlæk.

Í viðbót við þær matsþurningar sem nefndar eru í matsáætluninni væri æskilegt að mati Náttúrufræðistofnunar að skoða hvort hætta sé á áfoki frá geymslusvæðinu í námunni við Hraun. Einnig þyrfti að skoða áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf meðfram veginum frá vinnslusvæðinu að hringveginum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

